

Mannauðsstefna

Tilgangur og umfang

Stefnan tekur til allra starfsemi Terra og er sett til þess að marka okkur skýra stefnu í mannauðsmálum og sem leiðarljós í okkar daglegum rekstri. Starfsfólk skal virða hana í öllum störfum sínum fyrir félagið. Stefnan tekur mið af sjálfbærnistefnu félagsins ásamt því að uppfylla viðeigandi kröfur í lögum, reglugerðum og reglum.

Stefna

Stefna okkar í mannauðsmálum er að skapa jákvætt og heilbrigt vinnuumhverfi þar sem starfsfólk er hvatt til að viðhalda gleðinni, vera uppbyggilegt, lausnamiðað, huga að hvort öðru en á sama tíma taka ábyrgð á eigin frammistöðu.

Við viljum að ferðalagið hjá okkur sé gefandi, skemmtilegt og starfsfólk vaxi hjá okkur sem einstaklingar. Við viljum að samstarf okkar byggist á gagnkvæmu trausti og virðingu.

Hjá okkur erum við öll jöfn og öll höfum við jöfn tækifæri innan fyrirtækisins. Við viljum að starfsfólk upplifi sig sem mikilvægan hluta af heildinni. Við viljum að starfsfólk okkar hjálpist að og vinni saman sem lið og styðji hvort annað við að ná sameiginlegum árangri.

Í okkar starfsumhverfi er jafnvægi milli vinnu og einkalífs og lagt er upp með gagnkvæman sveigjanleika. Við tökum vel á móti nýju starfsfólki og veitum því góða fræðslu og þjálfun.

Stjórnun til fyrirmyndar

Við gerum þá kröfu til þeirra sem sinna stjórnunar- og leiðtogahlutverki að þau sýni gott fordæmi og komi fram af virðingu. Stjórnendur og leiðtogar stuðla að valdeflingu, eru hvetjandi, byggja upp traust og öfluga liðsheild. Stjórnendur og leiðtogar halda starfsfólki sínu vel upplýstu og veita þeim reglulega uppbyggilega endurgjöf um hlutverk, árangur og markmið í starfi.

Ráðningar og móttaka starfsfólks

Við vöndum okkur við hverja ráðningu og erum fagleg í því ferli. Við upplýsum og máttum gildi og stefnu félagsins við umsækjendur. Við leggjum áherslu á jákvætt hugarfar og liðshugsun við ráðningu. Við leitumst eftir að hafa starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn þegar litið er til kyns, aldurs, menntunar og reynslu, auk þess sem litið er til kynjahlutfalls í þann hóp sem ráðið er í með jafnrétti í huga. Við tökum öll vel á móti nýju starfsfólki og veitum því góða leiðsögn í nýtt starf, með fræðslu, upplýsingum og viðeigandi búnaði sem til þarf.

Fræðsla, þjálfun og starfsþróun

Við tryggjum að starfsfólk okkar fái viðeigandi fræðslu og þjálfun í hvert starf. Við bjóðum upp á fjölbreytta fræðslu og þjálfun sem tekur mið af stefnu félagsins, fyrirliggjandi kröfum og innri reglum félagsins.

Við sköpum menningu sem leggur áherslu á vaxtar hugarfar. Við viljum valdefla okkar starfsfólk og hvetja það með fræðslu og þjálfun á sama tíma að það taki ábyrgð á eigin þekkingu og hæfni.

Við leitum leiða að verða við óskum starfsfólks þegar kemur að starfsþróun. Við lítum til starfsfólks okkar þegar ný tækifæri opnast og vinnum út frá áhuga, hæfni og styrkleika hvers og eins.

Starfsumhverfið

Við erum vinnustaður með fjölbreytt verkefni og ólíkar þarfir sem við mætum með góðum aðbúnaði og aðstöðu fyrir okkar starfsfólk. Við erum fjölskylduvænn vinnustaður sem einkennist af gagnkvæmum sveigjanleika, þar sem við leitumst við að láta þarfir einkalífsins og vinnustaðarins fara saman.

Við sköpum og viðhöldum menningu sem einkennist af trausti þar sem starfsfólk fær umboð til athafna og tekur ábyrgð á eigin frammistöðu.

Jöfn tækifæri fyrir alla

Hjá okkur erum við öll jöfn. Við tryggjum jöfn tækifæri og kjör til starfsfólks okkar án tillits til kyns, kynvitundar, kynhneigðar, uppruna, þjóðernis, litarhafts, aldurs, fötlunar, trúar eða annarra stöðu í takt við jafnréttis- og jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun sem byggist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Lögð er áhersla á að skapa góðan vinnustað þar sem jafningja- og jafnréttis er gætt og starfsfólk nýtur virðingar og mismunandi sjónarmið fá að njóta sín.

Sjá nánar jafnréttis- og jafnlaunastefnu, jafnréttisáætlun og heilsu- og öryggisstefnu.

Það verður að vera gaman

Við leggjum upp úr því að hafa léttleika í fyrirrúmi og skapa jákvæða menningu. Við hvetjum starfsfólkið okkar að sjá jákvæðu og spaugilegu hliðarnar. Saman sköpum við fjörugt og skemmtilegt félagslíf meðal annars með fjölbreyttri dagskrá starfsmannafélags Terra.

Við fögnum litlum sem stórum sigrum og hvetjum hvort annað áfram til góðra verka.

Starfslok

Við skiljum vel við fólkið okkar þegar kemur að starfslokum með virðingu að leiðarljósi. Við mælum og könnum ástæðu starfsloka. Þegar við kveðjum fólkið okkar höfum við hagsmuni þeirra og Terra að leiðarljósi og leitumst eftir að þeir hagsmunir fari saman.

Ábyrgð

Stjórnendur skulu sýna gott fordæmi og bera ábyrgð á að skapa aðstæður og vinnuumhverfi til að hrinda stefnu þessari í framkvæmd. Allt starfsfólk skal kynna sér efni stefnunnar og framfylgja henni. Forstjóri ber heildarábyrgð á stefnunni og **framkvæmdastjórn** í heild skal tryggja eftirfylgni stefnunnar ásamt mannauðsstjóra.

Stefna þessi öðlast gildi við undirritun.

Samþykkt af forstjóra Terra þann 1. febrúar 2024

Rýnd og samþykkt óbreytt 12. maí 2026

Valgeir Baldursson, forstjóri